

MA-hátíðin 2010

Enn einn góður dagur, hugsaði ég, að morgni mánudagsins 14. júní, svo góður að ég ætla að skella mér af stað norður hvað ég og gerði. Stansaði við Grábrók í Borgarfirði, gekk þar upp og borðaði nesti í blíðunni. Dreif mig svo áfram og kom til Hvammstanga kl. 16. Þar fór ég í þrjár heimsóknir og geri aðrir betur. Gisti hjá mági og svilkonu og hélt svo áfram til Akureyrar að morgni 15. júní. Þangað kom ég fyrir hádegið og gat skráð mig strax inn á Hótel Eddu. Ég hafði ákveðið að halda mig í nostalgíunni á Akureyri og dvelja á gömlu vistum. Mér var tjáð að það væri laust herbergi á Spena. Jæja, þar kom að því að ég kæmist á Spena, hugsaði ég upprifin, en varð fyrir vonbrigðum þar sem hinar ungu og liðlegu starfsstúlkur hótelsins voru ekki með sagnfræðina á hreinu enda fæddar löngu eftir að við Miðgarðsmeyjar gerðum hosur okkur grænar fyrir flottu strákunum á Spena fyrir 44 árum.

En ég vistaðist í Jötunheimum, á sömu hæð og Miðgarður, í herbergi sem kallast Eden og var sæl með þótt ef til vill passaði Eden ekki alveg inn í Jötunheimana. Það rifjaðist upp fyrir mér að á þessum sama gangi dvaldi ég meðan ég þreytti stúdentsprófin í dentíð. Þar var einnig Pálmi Jóhannesson. Við vorum þau einu af þeim sem tóku prófin þá um vorið sem dvöldum á heimavistinni sem lögð var undir hótél þá, rétt eins og nú. Óhætt þótti að setja okkur Pálma á sama ganginn og læsa okkur ekki inni á kvöldin enda lítill tilgangur í því þar sem við vorum hvort af sínu kyninu. Ég man eftir því er ég mætti Pálma á ganginum einn morguninn að hann ljómaði eins og sólin. Hann var að koma úr frönskuprófi og sagði að hann hefði ekki nennt að lesa fyrir prófið daginn áður – taldi sig alveg nógu góðan í frönskunni. Hann hefði hins vegar farið að efast um kunnáttuna þá um morguninn en hefði ekki haft tíma til að lesa og þýða nema einn kafla. Og hann kom upp í þeim kafla.

Ég ók niður í bæ og að slippnum þar sem ég hitti Skúla, yngri soninn, sem var þar að vinna í Sigurbjörgu, skipi sem hann er vélstjóri á. Síðan fékk ég mér göngutúr í bænum og góða síestu áður en ég tólti til Maríu Steingríms sem var með opið hús fyrir 3A- bekkinn. Þar voru margar bekkjarsystur mættar og fleiri bættust við, einnig makar og aðrir karlar – allir velkomnir. Frá Maríu var stutt yfir í Lón þar sem hátíð bekkjarins var haldin. Hún var frábær að venju – lengi getur gott batnað. Tvær góðar söngsyrpur voru teknar og stjórnaði Ingimundur að venju með frábærum píanóleik. Ég kveið nokkuð flutningi á Dönulaginu frá 1970, var ekki viss um hversu vænn – eða söngvænn – textinn minn við lagið væri. Ingimundur hafði að vísu skorið burtu nokkur óþarfa orð og fengið mig til að skipta út orðinu æðislegur fyrir yndislegur – nokkuð sem ég tók svo bókstaflega að nú hika ég við ef ég ætla að segja fyrnefnt orð og vel annað í staðinn. En ég skal viðurkenna að mér leist ekki á blikuna eftir fyrstu æfingu og trúði Ingimundi mátulega þegar hann sagði að þetta yrði fínt hjá okkur annað kvöld. En auðvitað mátti ég vita að Ingimundur færi ekki með fleipur – það gerir hann aldrei – og flutningurinn var fínn hjá okkur á MA-hátíðinni.

Sölvi flutti hátíðarræðuna og jók mjög á gleði manna. Það gerði einnig myndasýning sem Eiríkur Þór hafði sett saman. Sigrún Harðardóttir söng brot úr *Ástarkveðjunni* sem hún söng inn á plötu árið 1967 og einnig afar fallegt danskt lag en Sigrún hefur verið búsett í Danmörku síðustu áratugi. Undirbúningsnefndin fyrir norðan, þau María, Friðrik Vagn og Magnús, stjórnðu samkomunni af hógværd og lipurð. Þeir Eiríkur Þór og Sölvi seldu bækling sinn um

þorrablót 6. C-bekkjarsins árið 1970 af engu minni lipurð en eilítið minni hógværd. Og nefndin heiðraði Eirík Þór fyrir að hafa sett upp heimasíðu MA-stúdenta 1970, halda henni vel við með nýju og gömlu efni og fjölda mynda - og halda einnig saman netföngum hópsins – vera límið í hópnum. Eiríkur er vel að þeim heiðri kominn, sem og frú hans, hún Anna sem samlagaðist hópnum fyrir svo löngu að við munum varla hvort hún bættist í hann fyrir 1970 eða síðar. Kvöldið var hreint yndislegt (takið eftir – ekki æðislegt) og er við gengum heim í gullfallegu veðri laust eftir miðnættið leið okkur eins og við hefðum aldrei skilið – og hlökkudum til næsta dags.

16. júní. Akureyrararmur undirbúningsnefndarinnar hafði beðið okkur lengst orða að taka með okkur regnföt til þess að ekki rigndi í ferð okkar út Eyjafjörðinn. Ég tók þetta mjög bókstaflega og hafði með mér bæði regnjakka og flís sem fékk að liggja nær óhreyft í hillunni ofan við sætið í VG-rútunni sem ég sat í (hún var fagurgræn – hin var íhaldsblá). Ekið var út Eyjafjörðinn og Friðrik Vagn sagði frá og bauð öðrum að taka til máls hvað sumir þáðu og varð af ágæt skemmtan.

Fyrsti viðkomustaðurinn var **Freyjulundur**. Aðalheiður S. Eysteinsdóttir og Jón Laxdal Halldórsson listamenn festu kaup á Freyjulundi í byrjun árs 2004, gerðu upp húsið með aðstoð ættingja og vina og reka þar listagallerí og heimili sitt. Aðalheiður tók á móti okkur, sagði okkur frá húsinu og listsköpun þeirra hjóna sem reyndar blasti að hluta til við er ekið var í hlað. Þar eru lambær úr tré á beit og fjárhundur gætir þeirra. Gott var að hlýða á Aðalheiði. Bauð hún upp á veitingar; vín, osta, brauð og kex og svo fengum við að skoða vistarverur og stór og smá listaverk þar inni. Aðalheiður tjáði okkur í upphafi að vel gæti verið að við myndum þekkja einhvern úr hópnum næst er við litum inn hjá henni því hún setti á sig andlit og notaði í listsköpun sinni. Hafi einhver efast um sannleiksgildi þess hvarf sá efi er við sáum tréfolkið inni í húsi.

Var þetta hin besta heimsókn og héldum við glöð áleiðis til Dalvíkur þar sem við heimsóttum menningarhúsið **Berg**. Anna Baldvina Jóhannesdóttir, formaður stjórnar hússins, bauð okkur velkomin og sagði okkur frá húsinu sem er mjög fallett og öllu haganlega fyrir komið. Við fengum salinn, sem skreyttur var fallettum ljósmyndum, til afnota og æfðum Dönu-lagið ... kallarnir áttu dálítið erfitt með ...öll á dansleiki-Inn ...; ... ö-öll á dansleikinn ... en flutningurinn skánaði allhratt ... og norðurarmur undirbúningsnefndarinnar þakkaði Ingimundi, fyrir hönd hópsins, fyrir að hafa haldið hópnum saman með tónlistinni í 44 ár – tónlistinni sem er stærsti þátturinn í samkomum okkar.

Og áfram héldum við ö-öll á dans..... , nei, öll í rúturnar og nú lá leiðin að Hauganesi þar sem rekin hefur verið saltfiskverkun frá árinu 1940. Þar eru nú einnig framleiddar aðrar afurðir undir heitinu Ekta-fiskur og borðuðum við fínan veislumat frá fyrirtækinu kvöldið áður. Þarna var okkur boðið upp á bollur og fiskstauta eftir að hafa innbyrt afar góðan hákarl og vín. Elvar Reykjalín framkvæmdastjóri sagði frá fyrirtækinu og mæltist ekki síður en frú Aðalheiði fyrr um daginn. Á Hauganesi var einnig boðið upp á bjórinn Kalda sem fæstum þótti leiðinlegt að smakka. Þar sem ég hef ekki enn lært að drekka bjór rölti ég um og tók myndir, m.a. af fallettum listaverkum, átta litlum bátum við húsið Sandvík frá árinu 1926. Við það hús hafði greinilega verið mikið nostrað eins og fleiri hús á Hauganesi. Nú styttist í dvöl

okkar á staðnum og bollurnar í ostasósunni voru að verða upp urnar. Þá boðaði Elvar til kappleiks og vorum við beðin að tilnefna sex ódælustu karlana og sama fjölda af óráðþægum konum. Ekki veit ég af hverju ég lenti í síðarnefnda hópnum en kappleikurinn fólst í því að ná 12 þorskaugum (eða ýsu-?), upp úr tveim bökkum – með munninum – og kepptu þær óráðþægu á móti hinum ódælu. Sett voru sjö augu í hvorn bakka, þeir fylltir af hreinu vatni og við röðuðum okkur upp. Ég var svo heppin að vera fremst og gat því valið það auga er best lá við. Hendur fyrir aftan bak – gleraugun af nefinu – nokkuð sem Borgu láðist. Auðvitað unnum við konurnar (var það nokkur spurning?), létum ekki smábleytu hindra okkur og hlutum að launum falleg Ekta-björglós á fæti. Elvar kvaddi okkur svo með sögum af Sigurði mannskap sem átti bágð með að telja en vissi alltaf hvenær allar kindur voru komnar í hús. Það fæst ekki allt með tölfræðinni. Sölvi einhenti sögurnar á lofti og færði þær yfir á Skagfirðing sem var nokkuð hliðstæður Sigurði mannskap – og höfðum við af hvoru tveggja góða skemmtan. Þórdís og Ingimundur höfðu svo frumkvæði að því að við þökkuðum enn frekar fyrir okkur með því að syngja **Burtu með sútu** og tóku allir hressilega undir að venju.

Við héldum síðan til Akureyrar eftir ákaflega vel heppnaða og skemmtilega ferð í einmunablíðu. Þegar þangað kom var tekin lokaæfing í Höllinni fyrir kvöldið og nú small allt saman með góðri aðstoð tæknimanna. Vel var mætt á hátíðina um kvöldið og var þar skemmtan hin besta. Þegar dansleikurinn hófst drifum okkur mörg upp á 1. hæð og dönsuðum þar í minni sal en þar sem við vorum frekar fá höfðum við mun meira pláss. Misjafnlega lengi héldum við út. Ég tölta heim um kl. 01:00 en sá þá engan bilbug á Helga Hallgrímssyni, þeim ágæta náttúrufræðingi og kennara okkar í 3. bekk, sem dansaði létt við frú sína og hefur örugglega haldið áfram til morguns.

Frábærri skemmtan lokið. Megi þær verða margar slíkar um ókomna framtíð.

Epilogus

Eins og stundum vill verða vaknaði ég næsta morgun með nokkra tótleikakennd í hjarta eftir gleðskap undanfarinna daga. Ég dró þá fram heftið góða, **Þorrablót 6. C 1970** og las *Epilogus* sem ég hafði ekki náð að lesa áður. Er skemmst frá því að segja að ég tók gleði mína aftur allsnarlega svo að ég táraðist af hlátri. Hafið heila þökk fyrir þessann, Sölvi og Eiríkur.

Ég dreif mig svo út í morgungöngu og trítlaði víða – kom m.a. að Amtsbókasafni og spreytti mig á að lesa vísu sem rituð var í glerið - fyrir gesti innanhúss - og varð af nokkurt staut. En mér þótti vísan góð og lærði hana á staðnum. Því miður glapti ýmislegt á heimleið og hafði ég gleymt þriðju línunni er heim í herbergið mitt, Eden í Jötunheimum, kom. Sem betur fer eru fæturnir mun snarari í förum og traustari en sellurnar og bætti ég úr þessari vöntun seinna um daginn því honum eyddi ég á Akureyri, ýmist í sól og hita eða skugga og allsvalri norðangjólu. Skrópaði ég á skólaslitin og missti af ágætri ræðu Finnboga. En hann bætti sem betur fer úr því með að senda okkur hana í pósti.

Settist ég síðdegis inn á **Bláu könnuna** í boði Stefaníu og Jónasar sem drifu sig reyndar fljótlega í stúdentsveislu. En brátt kom Ragnar skjálfti, fyrrum vinnufélagi, og settist við borðið hjá mér og síðar Borga og Gísli og Ingibjörg, kona Ragnars. Skröfuðum við margt og þar sem Gísli er, að eigin sögn, haldinn upptroðslusýki sungum við Dönulagið með Ingibjörgu og uppskárurum lófaklapp næstu áheyranda (við vorum hógvær og sungum lágt!). Ég eyddi svo

síðdeginu með Gísla og Borgu og heimsóttum við Stefán og Rósu, gönguskíðaferðafélaga okkar, og Bryndísi og Sigurð Jónsson bekkjarbróður, sem héldu þar til (Rósa og Bryndís eru systur). Gísli hafði ekki lagast af upptroðslusýkinni (ég vona að það gerist ekki í bráð) og þar var Dönulagið aftur flutt. Kenni ég lítt í brjósti um Billa að hafa lagið í kollinum enn – það hefur glumið í hausnum á mér – og eyrum – mun lengur og oftar.

Ég var svo heppin að geta bókað eina nótt í viðbót í Eden og svaf sætt og rótt um nóttina og dreif mig næsta morgun á fæðingarstaðinn og ættaróðalið, Engidal á Fljótsheiði, þar sem ég stansaði fram yfir hádegið og andaði að mér ilminum úr gömlu fjárhúsunum og af heiðargróðrinum. Heim í höfuðborgina var ég komin á kristilegum tíma um kvöldið og vona að ég dvelji lengi enn við ylinn frá þessum endurfundum. Hafið öll heila þökk fyrir samveruna og undirbúningsnefndin fyrir afar gott skipulag.

Guðrún Pálsd.

E.s. Vísan – hringhenda - á glervegg Amtsbókasafnsins (og reynda líka á skúrvegg nálægt höfninni) er sögð eftir óþekkan höfund en hljóðar svo:

Þó að bjáti eitthvað á
ei skal gráta og trega.
Lifðu kátur líka þá,
en lifðu mátulega.